

Verkefni 4 - Dagsferð

Verkefnalýsing

Flokkurinn á að:

- sýna fram á þekkingu á veðurspá og hvar hægt er að skoða þær
- skipuleggja leið á korti og fylgja henni svo
- gera lista yfir nauðsynlegan búnað fyrir þá leið sem flokkurinn velur
 - sjúkrabúnað
 - kort
 - áttavita
 - auka fatnað
 - nesti
 - neyðarbúnað

Kröfur eftir aldri:

Fálkaskátar: fara í dagsferð með foringja sem er a.m.k 7 km.

Dróttskátar: skipuleggja og fara í dagsferð sem er a.m.k 11 km.

Rekkaskátar: skipuleggja og fara í dagsferð sem er a.m.k 15 km.

Ábending til foringja

Hvetjið flokkinn til að skipuleggja verkefnið þannig að öll hafi hlutverk – frá efnissöfnun til framkvæmdar.